

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **26.08.2020 Kl. 21:01**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum

- 1.1. Ráðningarferli íþróttastjóra er enn í gangi.
- 1.2. Dagsetningar staðfestar fyrir næstu Íslandsmót.
- 1.3. Launamál varðandi hæfileikamótun áframhaldandi.
- 1.4. Fjarfundur með formönnum félaga skipulagður þann 11. September.

2. Samþykkt á milli funda

- 2.1. **Reglur um sóttvarnir (19.08.2020)**
Áframhaldandi breytingar á reglum um sóttvarnir vegna COVID-19.

3. Tillaga um þjálfara reglugerð

Guðmundur leggur fyrir nýja reglugerð um þjálfara og þjálfaramenntun til samþykktar. Miklar umræður um ákvæði um að þjálfarar geti misst rétt til að mæla með nemum í próf.

- 3.1. **Samþykkt einróma.**
- 3.2. **Guðmundur tekur að sér að birta uppfærða reglugerð.**

4. Tillaga um stofnun stöðu þjálfarafulltrúa

Guðmundur leggur til stofna stöðu þjálfarafulltrúa sem sér um framkvæmd reglugerða og verkefnum tengdum þjálfurum. Tilnefni Harald Gústafsson í stöðuna.
Haraldur vék af fundi við meðferð málsins.

- 4.1. **Samþykkt einróma.**
- 4.2. **Haraldur tekur stöðu þjálfarafulltrúa.**

5. Tillaga um breytingar á reglum um erlend mót

Guðmundur leggur til breytingu á reglum um erlend mót. Endurskrift af fyrri part reglugerðarinnar. Ný skilgreining á landsliðshópi fyrir EM/HM, heims- og Evrópubikarmót ungmenna og fullorðinna. Þetta hafi ekki áhrif á mót með ótakmörkuðum þátttökukvóta svo sem NUM og Veronicas Cup. Einföldun á reglugerð með því að taka út óparfa tvítekningar.

Bætt við skilyrði að einstaklingur sem keppir fyrir BFSÍ sé að keppa fyrir Ísland.

- 5.1. **Samþykkt einróma.**
- 5.2. **Guðmundur sér um að birta uppfærða reglugerð.**

6. Almennar umræður:

- 6.1. Áframhaldandi breytingar á sóttvarnarreglum.
- 6.2. Áframhaldandi áhrif COVID-19 á íþróttastarfið.
- 6.3. Næstu verk stjórnar.

Fundi slitið kl. **23:11**